

Miðvikudaginn 19. desbr. 1923.

Nr. 46/1922.

**Hreppsnefnd Innri-Akranes-
hrepps**

(Magnús Guðmundsson)

gegn

Kristjáni Daníelssyni.

(Pjetur Magnússon).

Barnsfaðernismál.

Dómur aukarjettar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 25. okt. 1922: Stefnur á að vera sýkn af kröfum stefnanda í þessu máli.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstarjettar.

Í barnsfaðernismáli þessu, sem höfðað hefir verið að tilhlutan hreppsnefndarinnar í Innri-Akraneshreppi, og hreppsnefndin hefir skotið til hæstarjettar að fengnu uppreistarleyfi, gjafsókn og skipuðum málflutningsmanni, sjest eigi að sátt hafi verið reynd milli málsaðila, hreppsnefndarinnar annars vegar og stefnda hins vegar.

Auk þess er málið að ýmsu leyti ekki nægilega upplýst, þannig er eigi lagt fram í málinu fæðingarvottorð barnsins og eigi heldur sátt sú eða samningur milli barnsmóðurinnar og stefnda um 50 kr. árlega greiðslu til barnsmóðurinnar eða með barninu, er getur um í prófunum.

Af þessum ástæðum verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til löglegrí meðferðar.

Ómakslaun hins skipaða talsmanns hreppsnefndarinnar, sem rekið hefir málið óaðfínnanlega, ákveðast

60 kr. og greiðast úr ríkissjóði, en að öðru leyti þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim til nýrrar og löglegri meðferðar.

Skipuðum talsmanni áfrýjanda, hæstarjettar-málaflutningsmanni Magnúsi Guðmundssyni greiðist 60 kr. ómakslaun úr ríkissjóði. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

2. ágúst 1918 ól Stefanía Magnúsdóttir í Hausthúsum barn, og hefir Innri-Akraneshreppur orðið að taka barnið að sjer og því krafist þess að mál þetta yrði höfðað, til þess að fá stefnda dæmdan til að greiða meðlag með barninu.

Barnsmóðirin hefir í rjettarhaldi 18. janúar 1921 skýrt svo frá, að um veturnætur 1917 hafi hún haft samfarir við stefnda, standandi upp við vegginn í Íshúsinu, en þegar hún nú í síðustu rjettarhöldum var ítarlega spurð um hvernig þessum samförum þeirra hafi verið varið hefir hún lýst þeim þannig, að óhugsandi virðist að þær hafi leitt til barnsgetnaðar.

Þar sem þessi skýrsla móðurinnar er í fullu samræmi við lýsingu þá er stefndur hefir gefið á fundi hans og Stefaniu, verður að leggja hana til grundvallar fyrir úrslitum málsins og verður því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Málskostnaður falli niður.